

Reykjavík 5. júní 2009

Dreifibréf til flutningafyrirtækja og annarra fyrirtækja
þar sem akstur er hluti af daglegum störfum

Tilvísun: 200902-0002/ 2.02.04

Varðar öryggi, akstur og hvíldartíma.

Vinnueftirlitinu hefur borist skýrsla Rannsóknarnefndar umferðarslysa vegna banaslyss er varð á Suðurlandsvegi við Hvammsveg í apríl 2008. Slysið varð með þeim hætti að pallbíll lenti í árekstri við sendibíl sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður pallbílsins mun hafa sofnað við stýrið í lok langra næturvaktar.

Í skýrslunni er það mat rannsóknarnefndarinnar að fjórir meginþættir hafi átt sinn þátt í að ökumaðurinn sofnaði undir stýri:

- Langur vinnudagur
- Lítil svefn
- Næturvinna
- Veikindi dagana á undan.

Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er í IX. kafla fjallað um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma. Helstu ákvæðin eru:

- Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld.
- Starfsmaður á rétt á hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins
- Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá að minnsta kosti einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma skv. 53. gr.
- Hámarksvinnutími starfsmanna á viku að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.
- Vinnutími næturvinnustarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Þetta er megininntak IX. kafla en við greinar hans eru ýmsar undanþáguheimildir við tiltekna aðstæður.

Einnig skal bent á reglugerð nr. 662/2006 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Reglugerðin gildir fyrir ökumenn bifreiða sem ætlaðar eru til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni sé heildarþyngd vagnlestar yfir 3500 kg, með ákveðnum undantekningum, og er þar að finna ítarlegri ákvæði um aksturstíma, hlé og daglegan hvíldartíma.

Rannsóknir hafa sýnt að næturvinna og óreglulegur vinnutími geta haft áhrif á athyglisgáfu og viðbragðsflýti. Það er því þýðingarmikið að nætur- og vaktavinna sé skipulögð á þann hátt að sem minnst verði dregið úr eðlilegum svefni og hvíld.

Af þessu tilefni vill Vinnueftirlitið vekja athygli atvinnurekenda/stjórnenda á ákvæðum vinnuverndarlaganna um að „tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað”. Vinnueftirlitið leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Atvinnurekanda ber að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Það felur m.a. í sér ábyrgð á að gert sé áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hættu búin en öðrum starfsmönnum.
- Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld.
- Vinnutími næturvinnustarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.


Vinnueftirlitið vill vekja sérstaka athygli þeirra sem reka starfsemi, þar sem akstur er hluti af daglegum verkefnum, á þeirri hættu sem fylgir því ef starfsmenn fá ekki nægilega hvíld og svefn.

Í skýrslu rannsóknarnefndar umferðaslysa segir m.a:

Rannsóknarnefnd umferðaslysa beinir því til fyrirtækja og stofnana að þau geri áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi m.t.t. öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu skv. 65. grein a laga nr. 46/1980. Fyrirtæki og stofnanir þurfa að upplýsa starfsmenn sína um þá hættu sem ökumönnum og öðrum vegfarendum getur stafað af þreytu. Sérstaklega þurfa fyrirtæki og stofnanir sem eru með starfsmenn í akstri á nóttunni að halda uppi fræðslu um þá auknu slyshættu sem akstur að næturlagi skapar.

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, má nálgast lög og reglur er varða vinnuvernd ásamt leiðbeiningum og fræðsluefni. Stofnunin er jafnframt reiðubúin að veita nánari upplýsingar um þekkt áhrif vakta- og næturvinnu á heilsu og líðan starfsmanna.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins,



Þórunn Sveinsdóttir
deildarstjóri



Ásta Snorradóttir
fagstjóri

Afrit:

Rannsóknarnefnd umferðarslysa
SA - Samtök atvinnulífsins
SVP - Samtök verslunar og þjónustu
SAF – Samtök ferðaþjónustunnar
ASÍ – Alþýðusamband Íslands
Starfsgreinasambandið